

Annar fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn fimmtudaginn 20. október, 2011, kl. 19.30 að heimili Stefaniu Arnórsdóttur, Fögrubrekku 16, Kópavogi.

Fyrirlesari: Margréti Kristmannsdóttur, framkvæmdastjóri Pfaff.

Tekið fyrir:

1. **Fundarsetning.**Formaður, Kristin Jónsdóttir, kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi, setti fund kl. 19.35 og bauð konur velkomnar. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 25 konur fundinn.

2. **Ýmis mál.**Formaður minnti á greiðslu félagsgjalda, þar sem Árný Elíasdóttir, gjaldkeri gat ekki mætt á fundinn. Jafnframt sagði hún frá því að Jóhanna Einarsdóttir sæti nú í Education Award nefndinni á vegum alþjóðasamtakanna sem hefur það verkefni að velja bækur eftir konur, bæði skáldrit og fræðirit, og veita viðurkenningar. Jóhanna skrifar grein í fréttabréfið um bækur sem voru nýlega valdar og mun kynna þær í Gammadeild eftir áramót. Formaður minnti einnig á alþjóðasambandsþingið í New York 28. júlí nk. en 17 konur frá Íslandi sóttu síðasta þing og voru tvær með fyrirlestra og aðrar með vinnustofur. Tilkynna þarf um erindi sem konur vilja flytja á þinginu fyrir 15. febrúar nk. Ingibjörg Jónasdóttir flutti deildinni kveðju Sigríðar Rögnu, forseta DKG.

3. **Orð til umhugsunar.**Svana Friðriksdóttir sagði frá sögu- og gönguferð sem hún fór í sumar ásamt hópi fólks til York á Englandi. Áhugavert hefði verið að skoða víkingasafnið, dómkirkjuna sem var 250 ár í byggingu á 12.-14. öld. Henni þótti athyglisvert að víkingunum var ekki lýst sem ræningjum og bardagamönnum heldur snyrtimönnum sem fluttu með sér menningu og gagnlega og fallega muni eins og hjarir, nælur og perlur.

4. **Fundargerðir síðustu funda.**Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð fundar 21. september sl. og var hún samþykkt.

5. **Konur og atvinnulíf.**Formaður kynnti gest fundarins, Margréti Kristmannsdóttur, framkvæmdastjóri Pfaff, en afi Margrétar, Magnús borgeirsson stofnaði fyrirtækið árið 1929. Margrét er formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Margrét hóf mál sitt á því að segja frá Félagi kvenna í atvinnurekstri (FKA) sem stofnað var árið 1999 en hún er fyrrverandi formaður þess. Eitt af markmiðum félagsins er að fjölga konum í stjórnnum og nefndum á vegum atvinnulífsins og gera þær meira áberandi. Algengt sé að karlar telji að konur segi alltaf „nei“ við slíkum embættum. Þær spyrji þá á móti hverjar hafi verið beðnar. Hún minnti á auglýsingu sem þær birtu með nöfnum kvenna sem sögðust tilbúnar í stjórnir og nefndir undir yfyrskriftinni: „Við segjum já“. Félagið heldur námskeið um að sitja í stjórnnum. Þær hafa beitt sér fyrir kynjakvótum og vilja sjá annað kynið í að minnsta kosti 40% sæta. Félagið gerði samstarfssamning við Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins í maí 2009, sem fulltrúar allra stjórnsmálaflokka studdu með undirskrift sinni, um að þetta yrði raunin í lok árs 2013 (ljósriti dreift á fundinum). Núverandi ríkisstjórn tók málið upp og kvótinn á að verða kominn á árið 2012. „Þá varð allt vitlaust,“ sagði Margrét en þá minntu þær á samninginn. Stjórnir lífeyrissjóða heyra undir áður nefnd lagaákvæði. Ekki er neitt refsíákvæði í lögunum ef þeim er ekki framfylgt. Markmiðið er að stuðla að fjölbreytni og margvíslega sýn. En það er ákveðin hættu á stofnun „skuggastjórna“ karlanna.

Hvað varðar kvóta á stjórnir sagðist Margrét fremur vilja hrósa þeim fyrirtækjum sem standa sig vel en skammast út í hin sem ekki framfylgja kvóta. Það þarf að finna um 350 konur í stjórnirnar eða jafnvel fleiri því talað sé um að fjölga bara stjórnarmönnum til að koma konum að. Nöfn viljugra kvenna í þessum efnum eru á netinu. Hún lagði áherslu á að ein kona í stjórn eða nefnd gæti ekkert gert, stuðningur væri að vera tvær en þær öðlast ekki „power“ fyrr en þær verða þrjár. Þetta er erfitt langhlaup og margur gefst upp. Oft þarf að sitja lengi í stjórn til að komast inn í mál. Stjórnarmenn hafa oft lítið vit á því sem um ræðir, það eru gerðar of litlar faglegar kröfur. Menn áttuðu sig á ábyrgð stjórnarmanna eftir hrúnið, enginn hefur tekið út refsingu en reyndar margt í rannsókn. Nú biðja menn um meiri upplýsingar. Unnt er að kaupa tryggingar fyrir stjórnarmenn en mannorðið verður ekki tryggt, sagði Margrét.

Loks sneri Margrét máli sínu að Samtökum atvinnulífsins sem eru regnhlífasamtök yfir átta samtök, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, LÍÚ o.fl. Undirsamtökin hafa atkvæðavægi í samræmi við stærð. Yfir þeim er 20 manna stjórn og átta manna framkvæmdastjórn. Hún sagði atvinnulífið karllægt og þar ríktu gamaldags vinnubrögð. Það er eins og að snúa flugmóðurskipi að ætla að breyta því! Konur mega reyndar líta í eigin barm, þær hafi látið körlunum eftir sviðið. Þegar Margrét lítur til baka finnst henni hafa orðið mikil breyting.

Spurð um skipulag Félags kvenna í atvinnurekstri sagði Margét að það væri opið öllum konum, þær þurfa ekki að eiga fyrirtæki, eins og var í byrjun, en vera í stjórnunarstöðu í einka- eða opinbera geiranum. Félagskonur eru um 750. Þær hafa sett upp mentor-kerfi, þær eldri styðja yngri, en tengslanetið er mikilvægast. Þegar haldin var ráðstefna félagsins, Viðskiparáðs og Samtaka atvinnulífsins mættu konur með karla með sér til að tryggja að þetta yrði ekki bara kvennaráðstefna!

6. **Hlé og veitingar.** Gert var hlé á umræðum og konur fengu sér kaffi og nutu veitinga sem í boði voru. Eftir kaffihlé héldu umræður áfram um stund.

7. **Fundarlok.** Formaður þakkaði Margéti fyrir framlagið og færði henni rós að gjöf. Þá þakkaði formaður Stefaníu húsaskjólíð með rós og þakkaði þeim sem komið höfðu með veitingarnar. Þórunn stjórnaði fjöldsöng að vanda og var m.a. sungið um Fjörður og Pálínu og saumamaskínuna. Fundi slitið kl. 10.00.

Fleira ekki tekið fyrir,

GGÓ, fundarritari